



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

STARFSLEYFI

fyrir snyrtistofu (Lucky beans) að Skipholti 21, F2012305, rými 01 0102 og 01 0103.

Nafn leyfishafa: XINH spa ehf.

Heimilisfang: Kringlan 4-12

Póstnúmer: 103

Kennitala: 610819-0360

Útgáfudagur leyfis: xx.xx 2025

Gildir til: xx.xx 2037

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og laga nr. 93/1995 um matvæli þegar um matvæli er að ræða. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum framangreindra laga, einnig laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum. Einnig ákvæðum annarra laga, reglugerða og starfsleyfisskilyrða sem um starfsemiina kunna að gilda.

Leyfið er einnig gefið út með Samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir snyrtistofur og skylda starfsemi.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfinu þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Heimilt er að endurskoða starfsleyfi þegar þörf krefur. Leyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá.

Reykjavík, xx 2025

Umsókn um starfsleyfi til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

08-01-2024 09:49

Tegund umsóknar

Vinsamlegast hakið við það sem við á: **Ný starfsemi**
Starfsemi hefst: **15-01-2024**

Starfsstöð og fyrirtæki

Heiti starfsstöðvar: **Lucky Beans**
Aðsetur starfsstöðvar: **Skipholti 21**
Póstnúmer aðseturs: **105**
Símanúmer:
Netfang:

Heimasíða:

Nafn fyrirtækis: **Xinh spa ehf**
Kennitala fyrirtækis: **6108190360**
Lögheimili fyrirtækis: **Kringlan 4-12**
Póstnúmer fyrirtækis: **103**

Forsvarsmaður

Nafn forsvarsmanns: **Klara Sigurbjörnsdóttir**
Kennitala forsvarsmanns:
Sími forsvarsmanns:
Netfang forsvarsmanns:

Hvar fer starfsemin fram?

Hvar fer starfsemin fram?: **Í fasteign**
Fasteignanúmer: **F2012305**
Rýmisnúmer: **0102**

Starfsemi

Hvers konar starfsemi?: **Hollustuhættir**
Nánari lýsing á starfseminni: **Snyrtistofa - Ásetning gervinagla og augnháralengingar**

Fylgigögn

Viðbótargögn: **Teikningar húsnæðis .pdf**

Skilmálar

Já, ég samþykki!: ✓



Reykjavík, 21. nóvember 2025
USK25110318

UMSÖGN BYGGINGARFULLTRÚA Á SAMÞYKKTRI NOTKUN HÚSNÆÐIS

Viðtakandi: Phuong harrison

Sendandi: Byggingarfulltrúi

Heimilisfang: Skipholt 21

Merking: 01-0102 fasteignanúmer F2012305, starfsemin fer fram í rými 0102 og 0103

Starfsemi: Snyrtistofa

Byggingarfulltrúi gerir ekki athugasemdir við að Heilbrigðiseftirlitið gefi út starfsleyfi fyrir snyrtistofu að Skipholti 21 í rými 0102 og 0103.

Húsnæðið heimilar þessa notkun.

Samkvæmt heimildum byggingarfulltrúa er ekki séð að breyting hafi átt sér stað á húsnæðinu frá samþykktum aðaluppdráttum dags. 28.05.2024 (USK23090211) – ef svo er ber að sækja um byggingarleyfi hjá byggingarfulltrúa Reykjavíkur.

Lokaúttekt er staðfest með útgáfu vottorðs dags 13.11.2025.

Umsögn byggingarfulltrúa á að fylgja með skráningu starfsleyfis hjá Heilbrigðiseftirliti.

Virðingarfyllst,
f.h. byggingarfulltrúa
Berglind Björg Sigvaldadóttir
Umhverfis- og skipulagssvið



Reykjavík

STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR SNYRTISTOFUR OG SKYLDA STARFSEMI

Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna hollustuhátta, sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum

1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

		Rgl.nr.	Uppfyllt
1.1	Starfsleyfisskilyrði þessi gilda fyrir rekstur fyrirtækja sem veita persónulega þjónustu s.s. hársnyrtingu, snyrtingu, fót snyrtingu, förðun, trimmform, nudd, naglaásetningu, leirvafninga og aðra sambærilega starfsemi. Ef um annan starfsleyfisskyldan rekstur er að ræða samhliða, gilda um það viðeigandi starfsleyfisskilyrði.		
1.2	Starfsleyfið gildir aðeins í húsnæði sem tilgreint er í starfsleyfinu og hlotið hefur samþykki byggingarnefndar fyrir starfseminni.	941/2002 13. og 14. gr.	
1.3	Aðgangur skal vera að neysluvatni, um gæði þess gilda ákvæði reglugerðar um neysluvatn.	941/2002 14.gr. 536/2001	
1.4	Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis að öllu leyti, þar með talið að lögum og reglum sem eiga við um starfsemina sé fylgt, sem og kröfum í starfsleyfi.	941/2002 3. og 14. gr.	

2. HÚSNÆÐI OG BÚNAÐUR

		Rgl.nr.	Uppfyllt
2.1	Húsnæði skal vera vel viðhaldið, umgengið og þrifið.	941/2002 14. gr.	
2.2	Húsnæði skal vera aðskilið frá óskyldum atvinnurekstri eða íbúð.	941/2002 14. gr.	
2.3	Gólf, veggir, loft og húsbúnaður skal gerður úr eða klæddur efni sem auðvelt er að þrifa.	941/2002 14. gr.	
2.4	Húsakynni skulu vera rúmgóð, björt, hæfilega hituð og loftræst á fullnægjandi hátt. Heitt og kalt vatn skal vera til staðar.	941/2002 14. gr.	
2.5	Læst og loftræst ræstiaðstaða skal vera til staðar. Þar skal vera nægilegt geymslurými fyrir ræstiahöld og efnavöru.	941/2002 14. gr.	
2.6	Viðskiptavinir eiga að hafa greiðan aðgang að fullbúinni snyrtingu. Um	941/2002	

	fjöldi snyrtinga er vísað í fylgiskjal 2 í reglugerð um hollustuhætti. Handlaug með heitu og köldu vatni og tilheyrandi hreinlætisbúnaði skal vera til staðar ásamt ruslafötu með loki. Salernisklefar og anddyri skulu vera úr eða klædd efni sem auðvelt er að þrifa. Loftræsting og birta skulu vera fullnægjandi.	15. gr.	
2.7	Fatahengi þarf að vera fyrir yfirhafnir viðskiptavina.	941/2002 14. gr.	
2.8	Fyrir hvern aðgerðarstól skal ekki vera minna en 5 m ² gólfrymi.	941/2002 44. gr.	
2.9	Sérstök handlaug með fljótandi handsápu, gerlaeyði og einnota handþurrkum eða handþurrkum á rúllu skal vera í vinnurými.	941/2002 43., 44. og 45. gr.	
2.10	Borð og þvottalaug skal vera til staðar til þvotta og sótthreinsunar á áhöldum og/eða fyrir meðhöndlun sterkra efna.	941/2002 43. gr.	
2.11	Þar sem notuð eru margnota áhöld sem snerta eða fara í gegnum húð viðskiptavina skal vera til staðar útbúnaður til dauðhreinsunar áhalda.	941/2002 43. gr.	
2.12	Á hársnyrtistofu skulu annars vegar vera sérstakar þvottalaugar til hárbvotta og hins vegar sérstakar laugar til blöndunar efna.	941/2002 44. gr.	
2.13	Á fót snyrtistofum og nuddstofum skal vera aðgengi að skolvaski.	941/2002 44. og 45. gr.	
2.14	Á nuddstofum skal vera baðaðstaða fyrir viðskiptavini þar sem við á.	941/2002 45. gr.	

3. HREINLÆTI OG ÞRIF

		Rgl.nr.	Uppfyllt
3.1	Húsnæði og öll aðstaða skal þriffin daglega eða oftar eftir þörfum. Hreinlætisáætlun skal vera skrifleg. Allsherjarhreingerning eða málun skal fara fram eftir þörfum.	941/2002 11. og 14. gr.	
3.2	Loftræsikerfi skal hreinsa og þjónusta reglulega. Þjónustuhandbók eða samsvarandi leiðbeiningar fyrir loftræsikerfi skulu vera aðgengilegar fyrir eftirlitsaðila.	941/2002 14. og 11. gr.	
3.3	Handklæði, ábreiður eða tauhlífar skal þvo við að lágmarki 60°C og geyma í lokuðum skápum eða ílátum.	941/2002 43. gr.	
3.4	Ekki má hleypa hundum, köttum eða öðrum dýrum inn í húsnæðið nema að fengnu tímabundnu leyfi heilbrigðisnefndar.	941/2002 19. gr.	
3.5	Fara skal að ákvæðum laga um tóbaksvarnir.	Lög nr. 6/2002	

4. SÓTTVARNIR

		Rgl.nr.	Uppfyllt
4.1	Ávallt skal hreinsa, sótthreinsa og dauðhreinsa tæki og búnað með viðeigandi efnum og aðferðum.	941/2002 43. gr.	
4.2	Margnota áhöld sem snerta eða fara í gegnum húð viðskiptavinar skulu dauðhreinsuð og pökkuð á viðurkenndan hátt.	941/2002 43. gr.	
4.3	Hrein og sótthreinsuð eða dauðhreinsuð áhöld og búnaður skal notaður við hvern viðskiptavin. Nota skal einnota dauðhreinsuð áhöld og búnað þar sem því verður við komið.	941/2002 43. gr.	
4.4	Ef upp kemur sjúkdómur eða smit meðal starfsfólks eða viðskiptavina sem ætla má að tengist fyrirtækinu ber að tilkynna atvikið til heilbrigðisyfirvalda, þ.e. sóttvarnarlæknis eða yfirlæknis heilsugæslu.	941/2002 43. gr.	

5. MATVÆLI

		Rgl.nr.	Uppfyllt
5.1	Um matvæli gilda lög nr. 93/1995 um matvæli með áorðnum breytingum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.	Lög nr. 93/1995	

6. UMHVERFISMÁL

		Rgl.nr.	Uppfyllt
6.1	Lóð í kringum húsnæði skal vera frágengin og henni haldið hreinni.	941/2002 14. gr.	
6.2	Frágangur fráveitu skal vera fullnægjandi. Fara skal að ákvæðum reglugerðar um fráveitur og skólp eftir því sem við á.	798/1999	
6.3	Frágangur sorpílata skal vera fullnægjandi, þau heil, hrein og meindýraheld.	941/2002 14. gr.	
6.4	Oddhvössum hlutum, s.s. nálum og rakvélablöðum ásamt spilliefnum og umbúðum þeirra skal koma til viðeigandi förgunar.	806/1999	
6.5	Leitast skal við að draga úr sorpmyndun og auka endurvinnslu úrgangs.	737/2003	

Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002, reglugerð um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, reglugerð um spilliefni nr. 806/1999 breytt með reglugerð nr. [169/2002](#), reglugerð nr. 236/1990 um flokkun og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda, sem innihalda slík efni, lögum nr. 6/2002 um tóbaksvarnir, lögum nr. 93/1995 um matvæli, reglugerð nr. 103/2010 um hollustuhætti er varða matvæli, reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn, byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Reykjavík 04.01.2018



Kristín Linda Árnadóttir

